

Nd.

94. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Sigurður E. Hliðar.

1. gr.

Orðin í 5. gr. laganna: „Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsg.“ falli niður.

Í stað orðanna í sömu (5.) gr. „Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 litra ársnyt úr hverri kú“ komi: „Skal þá verðjöfnunargjaldið miðast við meðalársnyt kúa á verðjöfnunarsvæðinu, þó aldrei minna en 2500 litra ársnyt úr hverri kú.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir ósk mjólkursamlags Eyfirðinga ákvað mjólkursölunefnd á síðastliðnu sumri verðlagssvæði Akureyrar, og skömmu síðar komu lög nr. 1 7. jan. 1935 til framkvæmda þar.

Við framkvæmd þessara laga kom strax mjög megn óánægja í ljós, og var það aðallega tvennt, sem óánægjunni olli. Fyrst það, að ósanngjarnt þótti og enda óþolandi, að bláfátækir mjólkurframleiðendur á Akureyri mættu ekki neyta sinnar eigin mjólkur án þess að greiða verðjöfnunargjald af henni, eða réttara sagt, því af henni, sem færi beint til heimilisþarfa. Í öðru lagi þóttu ákvæði 5. gr. laganna ósanngjörn, þar sem miða skal verðjöfnunargjaldið við 3000 litra ársnyt úr hverri kú.

Eins og högum manna er háttað á Akureyri, hefir jarðrækt og garðrækt um langt skeið verið stór liður í sjálfbjargarviðleitni fjölda bæjarbúa, en við jarðræktina hefir þá aðallega allverulegt kúahald verið bundið. Nú er það víst, að hávaðinn af kúaeigendum í bænum eru bláfátækir fjölskylduféður, sem eiga 1 eða 2 kýr, hafa hæfilegt ræktað land til fóðurframleiðslunnar og hafa með þessu móti verið að reyna að komast hjá því að þurfa að þiggja fátækraframfærslustyrk. Er enginn vafi á því, að ef engin breyting yrði gerð á gildandi lögum um meðferð og sölu mjólkur og framkvæmd þeirra, eins og þar hefir átt sér stað, mundi brátt draga mjög úr þessari sjálfbjargarviðleitni manna, kúahald á Akureyri mundi fara mjög þverrandi og ræktuninni hnigna að stórum mun. Þó að Akureyri hafi máské sérstöðu að þessu leyti, þá er hitt og víst, að líkt eða svipað muni eiga sér stað víðar, og því ekki ástæða til að halda, að slíkar breytingar, sem hér er farið fram á, séu stílaðar á Akureyringa eina saman.

Tilgangur laganna hefir aldrei getað verið sá, að gera smæstu mjólkurframleiðendum bæjanna sem erfiðast fyrir eða jafnvel ómögulegt að hafa slíkan búskap sér til hjálpar við hliðina á stopulli daglaunavinnu. Enda er skýrt ákveðið í 2. gr. laganna, að verðjöfnunargjaldið sé gjald, sem lagt er á alla neytlumjók og rjóma, sem selt er. Og í sömu grein er undanþegin verðjöfnunargjaldi mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kaupþúns, sem hún er seld í o. s. frv. En það er alveg eins og löggjafarnir hafi fengið eftirþanka í miðri lagasmíðinni, því að það, sem gefið er í 2. gr. gildandi laga, er tekið aftur í 5. gr. sömu laga.

Meðalársnyt kúa á verðjöfnunarsvæði Akureyrar mun vera sem næst 2700 litrar, eftir þeim tölum að dæma, sem mjólkursamlag Eyfirðinga hefir gefið upp fyrir síðastliðið ár. Virðist það eðlilegast og sanngjarnast, að sú raunverulega meðalársnyt á hverju verðlagssvæði ráði, en að ekki sé búin til einhver tala, langt fyrir ofan meðallag, og við hana eigi svo að miða verðjöfnunargjaldið.

Nánar í framsögu.